

## Ríkisvixlar

Í útboðum ríkisvixla sem haldin eru frá og með 6. september 2006 verða niðurstöður útboða birtar miðað við flata vexti og miðað er við raun/360 dagareglu. Þetta einfaldar samanburð við millibankavexti. Hér fyrir neðan er sýndur verðútreikningur út frá gefnum flötum vöxtum yfir í verð og reikningur frá gefnu verði yfir í flata vexti. Til samanburðar er síðan einnig tekið dæmi um útreikning frá verði yfir í ávöxtunarkröfu þar sem notaðir eru vaxtavextir.

### 1. Verðútreikningur út frá gefnum flötum vöxtum

$$P = \left[ \frac{N}{1 + \left( r * \frac{d}{360} \right)} \right]$$

Þar sem	P	=	Verð bréfs
	N	=	Nafnverð bréfs = 100
	r	=	Flatir vextir
	d	=	Dagafjöldi til gjalddaga skv. raun/360 dagareglu

### Dæmi

Heiti bréfs: RIKV 07 0103  
Uppgjörsdagur viðskipta: 3. október 2006

Forsendur:

N = 100 (Verð á gjalddaga)  
r = 10,00%  
d = 92

$$P = \left[ \frac{100}{1 + \left( 0,1 * \frac{92}{360} \right)} \right]$$

Niðurstöður:

$$P = 97,508$$

### 2. Útreikningur á flötum vöxtum út frá gefnu verði

$$r = \left( \frac{N}{P} - 1 \right) * \left( \frac{360}{d} \right)$$

$$r = \left( \frac{100}{97,508} - 1 \right) * \left( \frac{360}{92} \right)$$

$$r = 10,00\%$$

### 3. Útreikningur á ávöxtunarkröfu út frá gefnu verði

$$r^* = \left( \left( P^{\frac{1}{d/360}} \right) - 1 \right)$$

Þar sem P = Verð bréfs/100  
r\* = Ávöxtunarkrafa miðað við vaxtavexti.  
d = Dagafjöldi til gjalddaga skv. raun/360 dagareglu

$$r^* = \left( \left( 0,97508^{\frac{1}{92/360}} \right) - 1 \right)$$

$$r^* = 10,38\%$$